

Héraðsdómur Reykjavíkur
b/t hr. Eggerts Óskarssonar, dómstjóra
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. september 2012

Efni: Beiðni um heimild til öflunar sönnunargagna skv. XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála

Fyrir hönd Vilhjálms Bjarnasonar, kt. 200452-7719, Hlíðarbyggð 18, Garðabæ (hér eftir nefndur „beiðandi“), er þess hér með farið á leit við Héraðsdóm Reykjavíkur að beiðanda verði heimilað að leita sönnunar um atvik með vitnaleiðslu og öflun skjala fyrir dómi, sem varði lögvarða hagsmuni hans og geti ráðið úrslitum um málshöfðun, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991, á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni, kt. 190367-7199, 55 Clarendon Road, Notting Hill, UK-W11 4JD London, Bretlandi.

Málflutningsumboð fyrir beiðanda hefur:

Jóhannes Bjarni Björnsson, hrl, Landslögum – lögfræðistofu, Borgartúni 26, Reykjavík.

I. Málsvik

A. Almennt

Beiðandi hefur verið hluthafi í Landsbanka Íslands hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) síðan 29. október 2000. Stærstan hluta hlutafjár síns í bankanum, eða samtals 515.164 hluti, eignaðist beiðandi hinn 8. febrúar 2007. Landsbankanum var skipuð skilanevnd þann 7. október 2008 með heimild í lögum nr. 125/2008 frá 6. október 2008. Á því tímamarki varð verðmæti hluta í bankanum ekkert. Þegar bankanum var skipuð skilanevnd hinn 7. október 2008 átti beiðandi samtals 626.378 hluti í bankanum. Bankinn fékk heimild til greiðslustöðvunar þann 5. desember 2008 í samræmi við lög nr. 129/2008 frá 15. nóvember 2008. Þann 29. apríl 2009 var bankinn tekinn til slitameðferðar er Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði bankanum slitastjórn í samræmi við lög nr. 44/2009 frá 22. apríl 2009. Slitameðferð bankans stendur enn yfir.

Beiðandi hefur um langan tíma leitað eftir upplýsingum um starfsemi Landsbanka Íslands hf. og annarra fyrirtækja, frá því fyrir hrun, til að

leggja mat á það hverjar séu ástæður þess að hlutabréf hans og annarra fjárfesta hafi orðið verðlaus á einni nóttu.

Beiðandi hefur í samstarfi með Ólafi Kristinssyni, hdl., safnað saman upplýsingum um rekstur og meðferð eigenda Landsbanka Íslands hf. á fjármunum bankans fyrir haustið 2008 til undirbúnings fyrir mögulega hópmaalssókn á hendur fyrrum eigendum bankans, reynast gögn málsins upplýsa um saknæma og bótaskylda háttsemi þeirra. Hafa nú þegar rúmlega 350 fyrrverandi hluthafa Landsbanka Íslands hf. lýst yfir stuðningi og vilja til þátttöku í slíkri hópmaalssókn verði talið að upplýsingar um rekstur og meðferð eignarhalds eigenda Landsbanka Íslands hf. gefi tilefni til slíkra málshöfðunar.

B. Kaup Samson á Landsbankanum og afskipti Fjármálaeftirlitsins

Með bréfi til framkvæmdanefndar um einkavæðingu dags. 27. júní 2002 skiluðu Björgólfur Guðmundsson, Björgólfur Thor Björgólfsson og Magnús Magnús Þorsteinsson, f.h. hönd óstofnaðs hlutafélags þeirra (síðar Samson eignarhaldsfélag ehf., hér eftir nefnt „Samson“), inn tilboði um kaup á „að minnsta kosti 33,3%“ af hlutafé Landsbankans og kauprétti að 10% heildarhlutafjár í 24 mánuði frá undirritun kaupsamnings. Í kjölfar samningaviðræðna, sem ekki þykir ástæða að reifa hér, var komist að samkomulagi og var þann 31. desember 2002 undirritaður kaupsamningur milli Samson og íslenska ríkisins um kaup Samson á 45,8% hlut í Landsbanka Íslands hf. í tveimur skerfum. Voru kaup Samson m.a með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins (hér eftir nefnt „FME“).

Með bréfi dags. 12. nóvember 2002 hafði félagið sótt um samþykki FME fyrir kaupum félagsins á virkum eignarhlut í bankanum. Fjármálaeftirlitið féllst á umsókn Samson með ákvörðun þann 3. febrúar 2003. Í ákvörðuninni kom fram að við meðferð umsóknar Samson hafi komið til athugunar hvort, ef af fyrirhuguðum viðskiptum yrði, líta bæri á Samson sem móðurfélag Landsbankans og þar með eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 97. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið tók fram að þrátt fyrir að Samson myndi ekki formlega fara með meirihluta atkvæða í Landsbankanum gætu athafnir bankans sjálfs leitt til þess að staðan yrði sú í raun. Nefndi FME sem dæmi ef bankinn myndi eignast eigin bréf í þeim mæli að Samson færi í raun með meirihluta atkvæða á hluthafafundum.

Fjármálaeftirlitið taldi því að ekki væri hægt að útiloka að eignarhald á 45,8% hlutafjár í Landsbankanum gæti skapað ráðandi stöðu í skilningi 1. mgr. 97. gr. laga nr. 161/2002. Hluthafar í Landsbankanum hefðu um mitt ár 2002 verið ríflega 14 þúsund talsins og hefði 10 stærstu hluthafarnir farið með ríflega 71% hlutafjár. Ríflega 28% dreifðust á um 14 þúsund almenna hluthafa sem almennt beitti ekki atkvæðisrétti sínum á

hluthafafundum. Ljóst væri því að staða þess aðila sem færi með 45,8% hlutfjár væri mjög sterk og því gæti hann mögulega ráðið meirihluta stjórnar félagsins.

Að lokum sagði FME að á meðan eignarhlutur Samson færi ekki yfir 50% að teknu tilliti til eigin bréfa bankans eða ákvæða í samþykktum Landsbankans eða samninga, sem getið væri í 3. – 5. tl. 97. gr. laga nr. 161/2002, eða önnur áðurgreind sjónarmið ættu ekki við, taldi FME að Samson yrði ekki talið eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Í niðurstöðum ákvörðunarinnar kom fram að til grundvallar henni lægju ennfremur yfirlýsing eigenda Samson um aðgerðir í því skyni að styrkja þá niðurstöðu að Samson teldist ekki ráða Landsbanka Íslands hf. til þess að fara með eignarhlutinn í Landsbankanum. Meðal annars hefði Samson lýst því yfir að félagið myndi beita sér fyrir að fagaðilar, sem ekki væru eigendur að Samson, myndu taka sæti í bankaráði Landsbankans og að í fyrstu myndu einungis einn af eigendum Samson sækjast eftir kjöri í bankaráð.

Þann 31. maí 2005 sendi FME bréf til Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs Landsbankans þar sem fram kom að með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af eignarhaldi Samson í bankanum teldi FME mikilvægt að taka að nýju til skoðunar hluta af þeim sjónarmiðum og skilyrðum sem lágu til grundvallar samþykki eftirlitsins fyrir kaupum Samson á Landsbankanum. Taldi FME að taka þyrfti m.a. til nánari athugunar hvort Samson teldist vera eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 97. gr. laga nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið minnti á að stofnunin hafði gert ráð fyrir því árið 2003 að Samson myndi beita sér fyrir því að fagaðilar sem ekki væru tengdir eigendum Samsonar tækju sæti í stjórn Landsbankans og að aðeins einn af eigendum Samson tæki, a.m.k. í fyrstu, sæti í stjórninni. Þó hefði það verið svo að aðilar nátengdir félaginu líkt og starfsmenn þess hefðu setið í bankaráði auk stjórnarformannsins. Þannig hefðu þrír af þeim fimm bankaráðsmönnum sem undirrituðu ársreikning Landsbankans 2004 fallið undir það að vera ýmist eigendur eða starfsmenn Samsonar. Á árinu 2005 hefði Fjármálaeftirlitið dregið þá ályktun af ofangreindu að ekki hefði verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að staða Samsonar, eigenda þess og tengdra aðila, gagnvart Landsbankanum, væri ekki önnur og nánari, en fælist í ávinningi almennra hluthafa af heilbrigðum og traustum rekstri bankans. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum Samsonar varðandi framangreint og ítarlegum tillögum sem miðað gætu að því að tryggja eðlilegt eftirlit og óháða stöðu þess og tengdra aðila gagnvart bankanum til framtíðar, ella kæmu úrræði FME til skoðunar.

Bréf FME virðist hafa verið tekið fyrir á fundi bankaráðs Landsbankans þann 28. júní 2005 þar sem jafnframt voru lögð fram drög að svari til FME. Virðist sem formaður bankaráðs hafi vikið af fundi við umræðuna. Samson svaraði með bréfi til Fjármálaeftirlitsins, dags. 29. júní 2005. Í því

brást félagið við áhyggjuefnum stofnunarinnar og lýsti sig reiðubúið til viðræðna um lausn. Svo virðist að með þessum bréfi hafi lokið þeim bréfaskiptum sem hófust með bréfi FME til Samson frá 31. maí 2005, en samskipti FME og Samson fóru eftir að það að snúast um beiðni Samson um heimild til að útvíkka starfsheimildir félagsins sem sett var fram í bréfi þann 30. júní 2005. Þeirri umfjöllun lauk með því að FME samþykki að Samson breytti samþykktum sínum og útvíkkaði starfsemi sína skv. ákvörðun þann 2. júní 2006. Í lok þeirrar ákvörðunar er þó tekið fram af hálfu FME að stofnunin muni áfram hafa fylgjast með hvort tilefni sé til að breyta því mati hennar að Samson skuli ekki teljast móðurfélag Landsbankans.

C. Óbeint eignarhald Björgólfs Thors í Landsbankanum

Samson var langstærsti eigandi hlutafjár í Landsbankanum frá kaupum á 45,8% hlut þann 31. desember 2002. Þróaðist eignarhlutur Samson í Landsbankanum með eftirfarandi hætti næstu árin skv. ársreikningum bankans, en þá er ekki tekið tillit til eigin hluta bankans og dótturfélaga hans.:

Dags.	31.12.03	31.12.04	30.06.05	31.12.05	30.06.06	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.06.08
Eignarhlutur	44,30%	44,79%	44,79%	40,17%	41,37%	41,37%	41,37%	40,73%	41,85%

Eftir því sem beiðandi kemst næst voru eigin hlutir Landsbanka Íslands hf. og hlutir dótturfélaga hans að minnsta kosti þessir frá árinu 2005 og áfram:

Nafn hluthafa	Eigendur	30.06.05	31.12.05	30.06.06	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.06.08
Landsbanki Íslands hf.	-	6,19%	6,34%	7,65%	1,44%	1,83%	1,60%	8,63%
Landsbanki Luxembourg S.A.	Landsbanki Íslands hf. (100%)	3,75%	5,05%	3,24%	3,04%	5,85%	6,60%	3,54%
Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf.	Landsbanki Íslands hf. (100%)	-	1,45%	1,45%	-	-	-	0,69%

Samson var að stærstum hluta í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar í gegnum eignarhaldsfélög þeirra. Var eignarhald á Samson skráð með eftirfarandi hætti frá kaupum félagsins á hlut í Landsbankanum þann 31. desember 2002, eftir því sem beiðandi kemst næst:

Nafn hluthafa	Eigendur	31.12.02	31.12.03	31.12.04	31.12.05	31.12.06	31.12.07	30.06.08
Amber International Ltd.	Björgólfur Thor(60%) og Björgólfur Guðmunds (40%)	85,50%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Givenshire Equities Limited	Björgólfur Thor Björgólfsson	0,00%	42,75%	42,75%	49,50%	49,90%	49,90%	49,90%
Bell Global Limited	Björgólfur Guðmunds	0,00%	42,75%	42,75%	49,50%	49,90%	49,90%	49,90%
Mirol Investments Limited	Magnús Þorsteinss	14,50%	14,50%	14,50%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hersir	Starfsmenn Novators/Samson	0,00%	0,00%	0,00%	1,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Björgólfur Guðmunds		0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,10%	0,10%	0,10%
Björgólfur Thor Björgólfsson		0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,10%	0,10%	0,10%
Samtals		100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%

Frá 1. janúar 2005 var öllum félögum, með verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. 3. mgr. 56. gr. H eldri laga um ársreikninga nr. 144/1994, sbr. 52. gr. laga nr. 45/2005 og 4. mgr. 90. gr. nágildandi laga um ársreikninga nr. 3/2006. Í 12. tölul. 2. gr. laga nr. 144/1994 og 3/2006 eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skilgreindir sem svo:

„reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002[.]“

Framangreindri reglugerð var veitt lagagildi hér á landi þann 1. janúar 2005 með lögum nr. 45/2005, sbr. 52. gr. laganna. Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 24, sem samþykktur var af framkvæmdastjórn ESB þann 29. september 2003 með reglugerð nr. 1725/2003, er fjallað um upplýsingar um tengda aðila.

Í staðlinum kemur fram hvaða aðilar falla undir skilgreininguna tengdir aðilar og hverjir ekki. Markmið staðalsins er að tryggja að ársreikningur innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar um tengda aðila og áhrif þeirra á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu einingarinnar. Samkvæmt staðlinum er þess krafist að skýrt sé frá viðskiptum við tengda aðila og óuppgerðum kröfum og skuldum vegna þeirra í ársreikningum/árshlutareikningum sem gerðir eru í samræmi við IAS 27 um samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil.

Í IAS 24 er tengdur aðili skilgreindur sem aðili sem getur haft mikilvæg áhrif á félagins vegna eignarhalds eða áhrifa með öðrum hætti s.s. vegna stöðu eða tengsla við aðila sem hafa yferráð eða eru lykilstjórnendur félags.

Í staðlinum kemur jafnframt fram að þegar skoðaðir eru allir mögulegir tengdir aðilar sé athyglinni beint að efni (e. *substance*) sambandsins en ekki eingöngu lagalegu formi. Þau sjónarmið koma jafnframt fram í ítarlegri skilgreiningu á hugtakinu „*veruleg áhrif*“ sem er að finna í reikningsskilastaðli IAS 28 (um fjárfestingar í hlutdeildarfélögum).

Í kafla 21.5 í staðli IAS 24 er síðan fjallað um skýringar. Þar kemur fram að gera þarf grein fyrir sambandi milli móður- og dótturfélags án tillits til þess hvort um viðskipti hafi verið að ræða milli þeirra. Ef viðskipti hafa verið milli tengdra aðila skal félagið skýra frá eðli viðskiptanna sem og upplýsa um viðskiptin og óuppgerðar kröfur/skuldir. Þessar upplýsingar eru sagðar nauðsynlegar til þess að skilja möguleg áhrif þeirra á reikningsskilin. Í sama ákvæði eru tekin dæmi um þau viðskipti sem þarf að skýra frá ef þau eru við tengda aðila. Þar á meðal eru lánveitingar og eiginfjárframlög, sem og veittar ábyrgðir, veð og tryggingar. Hafi Landsbankinn verið í viðskiptum við tengda aðila hefði félagið þannig átt að skýra frá eðli viðskiptanna og upplýsa um viðskiptin og óuppgerðar kröfur/skuldir.

Samkvæmt minnisblaði frá PriceWaterhouseCoopers (hér eftir nefnt „PWC“), dags. 22. október 2005, átti PWC fund með Birgi Má Ragnarssyni, framkvæmdastjóra Samson, þann 20. október 2005. Var tilgangur fundarins að fá upplýsingar frá Birgi um stöðu eignarhalds í Samson svo hægt væri að leggja mat á þörf á upplýsingagjöf um venslaða aðila í reikningsskilum Landsbankans m.t.t. IAS 24. Er tekið fram af hálfu PWC að við skilgreiningu á mikilvægum áhrifum sé oft stuðst við 20% eignarhlut og að óbeinn eignarhlutur Björgólfs Thors hafi reiknast 19% í upphafi árs 2005, miðað við að hann færi aðeins með 42,5% í Samson. Í minnisblaðinu kemur fram að Birgir hafi upplýst PWC um að Samson hefði sjálft keypt hlut Magnúsar Þorsteinssonar í Samson en að sú ráðstöfun væri einungis tímabundin. Á meðan félagið ætti hlut í sjálfu sér féllu atkvæði tengd honum niður á hluthafafundum, þannig að tímabundið færu þeir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor með 50% atkvæða hvor í Samson. Fram kemur að framkvæmdastjórinn hafi verið mjög vel meðvitaður um að það gæti orsakað mikla breytingu á upplýsingum um venslaða aðila í reikningsskilum Landsbankans. Hann hafi greint frá því að það væri fyrirhugað að breyta eignarhaldinu í Samson fyrir árslok 2005, þannig að eignarhlutur Björgólfs Thors myndi fara í sama eða lægra hlutfall og það var í upphafi ársins. Samkvæmt minnisblaðinu gerði PWC framkvæmdastjóranum grein fyrir því að ef það gerðist ekki væri líklegt að skilgreina yrði Björgólf Thor sem venslaðan aðila á grundvelli IAS 24 þannig að upplýsa þyrfti um viðskipti hans við bankann á grundvelli ákvæða í staðlinum og mögulega í öðrum stöðlum. Niðurstæða PWC, eftir

að hafa fengið þessar upplýsingar, var sú að breyta skýringum á vensluðum aðilum gagnvart Samson og hluthöfum þess félags í árshlutauppgjöri 30. september 2005 þannig að í stað þess að greina frá því að Samson væri í eigu þriggja einstaklinga kom fram að Samson væri í eigu þriggja aðila. Fyrir áramót yrði síðan að fá frekari upplýsingar um stöðu á eignarhaldi Samson og meta málið upp á nýtt m.t.t. ákvæða IAS 24 og þess sem komið hefði fram í minnisblaðinu. Undir minnisblaðið ritaði Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi.

Þann 20. janúar 2006 tilkynnti Samson til FME að Hersis – ráðgjafar og þjónustu ehf. (hér eftir nefnt „Hersir“) hafi þann 30. desember 2005 keypt 1% hlut í Samson en ekki kom fram í tilkynningunni hver væri seljandi hlutanna. Í tilkynningunni kom fram að Samson væri eigandi að 40,17% hlutafjár í Landsbankanum. Þá kom fram að Hersir væri í eigu Þorvalds Björnssonar, Þórs Kristjánssonar, Tómasar Ottós Hanssonar, Birgis Más Ragnarssonar og Andra Sveinssonar. Enn fremur kom fram að Andri Sveinsson væri bankaráðsmáður og fruminnherji í Landsbankanum. Þá væru Birgir Már Ragnarsson, sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri, og Þór Kristjánsson fjárhagslega tengdir Samson.

Beiðandi hefur undir höndum kaupsamning milli Samson og Hersis, dags. 30. desember 2005, að öllum líkindum vegna framangreindra kaupa. Í samningnum lofar Hersir að kaupa og Samson að selja alls 10.000.000 hluti í Samson að nafnverði kr. 1 hver hlutur. Um sé að ræða 1% hlutafjár Samson. Kaupverð hlutanna var kr. 928.300.00 m.v. gengið 92,83 á hverjum hlut. Kaupverðið skyldi greitt í reiðufé þann 15. janúar 2005 [svo] en hið selda skyldi afhent þann 30. desember 2005. Undir kaupsamninginn rita Birgir Már Ragnarsson f.h. Samson og Þór Kristjánsson f.h. Hersis. Kaupverðið virðist samkvæmt ársreikningum Hersis aldrei hafa verið greitt heldur eingöngu viðskiptafært. Kaupin bera það með sér að um málamyndagerning hafi verið að ræða enda virðist Hersir ekki hafa haft fjárhagslega burði til að ráðast í svo stóra fjárfestingu á eigin forsendum.

Samkvæmt þeim töflum sem birtar eru hér að framan virðist sem Hersir ehf. hafi selt hlut sinn í Samson strax á árinu 2006 - a.m.k. við lok ársins 2006 samkvæmt ársreikningi. Þannig fór eignarhald Björgólfsfeðga aftur í sama horf og áður og við lok ársins 2006 fóru þeir aftur með 50% atkvæðisréttar hvor samkvæmt framangreindum upplýsingum.

Björgólfur Thor hélt frá árinu 2003 utan um hlut sinn í Samson gegnum eignarhaldsfélagið Givenshire Equities Ltd (hér eftir nefnt „Givenshire“). Samkvæmt yfirlýsingu á vefsíðunni www.btb.is var FME tilkynnt snemma árs 2007 um kaup starfsmanna Novator ehf., eignarhaldsfélags í eigu Björgólfs Thors, á 5% hlut í Givenshire í gegnum Landsbankann í Lúxemborg, en ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær það á að hafa gerst. Hefur verið gefið til kynna að kaupandi hlutanna hafi verið félag í eigu starfsmanna Novator. Virðist sem Björgólfur Thor hafi farið með 100%

hlut í Givenshire í gegnum félag sitt Valhamar Group Limited á árinu 2006 en árið 2007 hafi starfsmenn Novator farið með allt að 5% á móti 95% hlut Valhamars/Björgólfs. Neðangreind tafla sýnir hvernig eignarhaldi virðist hafa verið háttað á Givenshire:

Nafn hluthafa	Eigendur	31.12.03	31.12.04	31.12.05	31.12.06	31.12.07	30.06.08
Valhamar Group Ltd	Björgólfur Thor Björgólfsson	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	95,00%	95,00%
Landsbanki Luxemborg	-	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	5,00%	5,00%
Samtals		100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%

Beiðandi telur að eignarhlutur og atkvæðavægi Samson hafi verið vanmetið sem og áhrif Björgólfs Thors sem annars aðaleiganda Samson. Þetta hafi haft umtalsverðar afleiðingar í för með sér, sbr. umfjöllun í kafla II hér á eftir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem beiðandi hefur aflað sér virðist sem við útreikning á eignarhlut Samsonar hafi ekki verið tekið tillit til eigin hluta Landsbankans og hluta dótturfélaga hans, en ekki ber að taka tillit til þessara eignahluta, sbr. ákvæði 7. mgr. 97. gr. laga nr. 161/2002, sbr. einnig 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995. Þá er ótaldir eignarhlutar í aflandsfélögum undir stjórn Landsbankans.

D. Eignarhald aflandsfélaga á hlutum í Landsbankanum

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008, voru árið 2000 stofnuð fjárhaldsfélög (e. *trusts*) á aflandssvæðum í tengslum við innleiðingu kaupréttarsamninga í launa- og hvatakerfi Landsbankans. Hin erlendu fjárhaldsfélög, sem síðar urðu a.m.k. þrjú talsins, voru eignalaus í upphafi en áttu að fullu tvö til fjögur eignarhaldsfélög sem stofnuð voru til þess að halda utan um þau hlutabréf Landsbankans sem voru andlag kaupréttarsamninga við starfsmenn bankans. Þessi eignarhaldsfélög voru sjálfseignarstofnanir. Samkvæmt skýrslu Kristjáns Gunnars Valdimarssonar, fyrrverandi forstöðumanns skattasviðs Landsbankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var ástæða þess að stofnuð voru fleiri eignarhaldsfélög sú að með því mátti komast hjá flöggunarskyldu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Þá lýsti Kristján því að Samson hefði notið undanþágu frá yfirtökuskyldu við kaupin á bankanum á þeirri forsendu að hlutafjáreign færi ekki yfir þau ríflega 45,8% sem félagið hafði keypt í bankanum. Venja væri í tengslum við kaupréttarsamninga að gefa út viðbótarhlutabréf til þeirra sem innleystu kaupréttinn en í tilviki Landsbankans hefði það þynnt út hlut Samsonar. Þannig hefði félagið ekki getað tryggt meirihlutaeign sína í bankanum eftir innlausn því reglur um yfirtöku hefðu mögulega getað átt við ef Samson hefði síðar ætlað að auka við hlut sinn að nýju.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að framkvæmdin hafi verið sú, þegar gerðir voru kaupréttarsamningar við starfsmenn, að Landsbankinn

hafi lánað eignarhaldsfélagunum LB Holding árið 2000, þá Marcus Capital Ltd. árið 2004 og að lokum Proteus Global Holding árið 2005, en þau hafi öll verið í fullri eigu áður nefndra fjárhaldsfélaga, fyrir kaupum á hlutabréfum í bankanum. Undirliggjandi veð fyrir lánunum hafi verið hlutabréfin sjálf. Landsbankinn hafi síðan gert framvirkan samning við hvert eignarhaldsfélag fyrir sig um m.a. afhendingu á bréfunum. Fjármögnun á félagunum hafi síðan færst yfir í hina bankana tvo, Glitni og Kaupþing, árið 2006.

Í skýrslunni segir að framangreind aflandsfélög hafi að fullu verið undir stjórn og fjárhagslegum yfirráðum Landsbankans í umsjá m.a. Kristjáns Gunnars Valdimarssonar og Hauks Pórs Haraldssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs bankans. Hafi bankinn gefið út sjálfskuldarábyrgðir í sínu nafni til að ábyrgjast lán félaganna hjá Kaupþingi og Glitni eftir að fjármögnun félaganna færðist yfir til þeirra. Í skýrslunni er vakin athygli á því að Landsbankinn hafi ekki þurft að leggja fram sambærilega ábyrgð gagnvart Straumi en að stærsti hluthafinn hafi verið hinn sami í báðum bönkum, Björgólfur Thor Björgólfsson.

Hin erlendu eignarhaldsfélög áttu samkvæmt skýrslunni að standa skil á afhendingu hlutabréfa í Landsbankanum ef verð bréfanna yrði hærra en kaupréttargengið og kaupréttirnir yrðu nýttir, samkvæmt framvirkum samningum. Ef gengi bréfanna yrði lægra en kaupréttargengið yrðu kaupréttirnir ekki nýttir sem þýddi að félagið ætti hlutabréf sem stæðu ekki undir láninu sem hafði verið tekið til að kaupa þau. Þar með hefði lækkun hlutabréfaverðsins endanlega fallið á bankann sjálfan. Því hafi áhætta af lækkun bréfanna ávallt haldist hjá bankanum sjálfum eða fjárhagslega tengdum aðilum hans, líkt og Straumi.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis voru eignarhaldsfélögin, sem sett voru á fót í ofangreindum tilgangi, a.m.k. eftirfarandi:

Félag	Land	Fjármögnun	Trygging	Fjöldi hluta að nafnvirði
LB Holding Ltd. (kt. 630600-9010)	Guernsey	Tvö lán hjá Straumi 10. október 2006 og 26. febrúar 2007	Hlutabréf í Landsbankanum	150.000.000
Kargile Portfolio Inc. (kt. 481204-9170)	Tortóla	Tvö lán hjá Landsbankanum árið 2. feb. og 18. maí 2005 að fjárhæð samtals um kr. 525 millj. Hjá Straumi frá des. 2006	Hlutabréf í Landsbankanum	42.700.000
Marcus Capital Ltd. (kt. 510305-9810)	Tortóla	Lán hjá Landsbankanum frá 18. maí 2005 að fjárhæð um kr. 1 ma. Færsla til Straums	Hlutabréf í Landsbankanum	90.000.000

		2006.		
Empennage Inc. (kt. 690506-9710)	Panama	Óljóst. A.m.k. kr. 6,9 milljarðar frá Kaupþingi.	Sjálfsk.áb. Landsbankans	Óljóst. A.m.k. 123.269.412 hlutir frá ágúst 2006 til 29. júní 2007. A.m.k. 238.269.412 hlutir frá þeim tíma til ágúst 2007.
Zimham Corporation (kt. 690506-9980)	Panama	Lán hjá Kaupþingi frá júní 2006 að fjárhæð 4,5 ma. Lán hjá Glitni að frá júní 2007 að fjárhæð kr. 5,6 ma.	Sjálfsk.áb. Landsbankans frá júní 2006 til júní 2007. Handveð í hlutabréfum í Landsbankanum frá þeim tíma.	Óljós. A.m.k.um 238 millj. hlutir frá júní 2007
Peko Investment Company Ltd. (kt. 510305-9730)	Tortóla	Lán hjá Sraumi frá 29. sept. 2006 að fjárhæð kr. 1,5 ma.	Hlutabréf í Landsbankanum	130.000.000
Proteus Global Holding S.A. (kt. 520204-9030)	Tortóla	Lán hjá Straumi frá 26. sept. 2006 að fjárhæð tæplega kr. 1,4 ma.	Hlutabréf í Landsbankanum	207.900.000
Kimball Associated Inc. (kt. 550107-9880)	Panama	Lán hjá Straumi frá 30. janúar 2007 að fjárhæð kr. 6,513 ma.	Hlutabréf í Landsbankanum	326.000.000

Samkvæmt þessu eignuðust framangreind eignarhaldsfélög samtals um 1.422.869.412 hluti í Landsbankanum á tímabilinu frá febrúar 2005 til júní 2007. Kaup hlutanna voru ýmist fjármögnuð með lánnum frá Landsbankanum sjálfum, Straumi-Burðarás, sem var fjárhagslega tengdur Landsbankanum, Glitni og Kaupþingi. Í þau skipti sem Glitnir og Kaupþing lánuðu félögunum fyrir kaupunum voru lánin tryggð með sjálfskuldarábyrgð Landsbankans. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að eignir framangreindra félaga hafi verið samanlagt um 13,2% af hlutafé Landsbankans frá miðju ári 2006 til falls bankans. Segist nefndin ekki hafa fundið skýringar á ráðstöfunum á um 225 milljónum hluta í Landsbankanum af þeim 1.480 milljónum hluta sem hefðu verið útistandandi vegna kaupréttarsamninga í lok árs 2007 miðað við ársreikning. Þá hafi heildarinnlaus starfsmanna Landsbankans á kaupréttarsamningum numið 217 milljónum að nafnvirði í félaginu á árunum 2004-2008. Ekki væri að sjá að Landsbankinn hefði dregið á eign aflandsfélaganna til að mæta þessari innlausn starfsmannanna.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Kristján Gunnar Valdimarsson því að fyrir aðalfund Landsbankans 9. febrúar 2007 hefði Sigurjón Þ. Árnason, þáverandi bankastjóri, farið þess á leit við sig að safna saman umboðum frá stjórnnum erlendu fjárhaldsfélaganna og fara með atkvæðarétt félaganna á fundinum og þá einkum til að leggja starfskjarastefnu bankaráðs lið. Hefði þetta verið gert og sagðist Kristján hafa farið með atkvæðarétt félaganna á fundinum skv. umboði og greitt atkvæði á fundinum.

Þann 20. febrúar 2008 sendi FME bankastjórn Landsbankans skýrslu um athugun á útlánaáhættu hjá Landsbankanum. Voru í skýrslunni kunngerðar niðurstöður vettvangsrannsókna FME sem framkvæmdar höfðu verið dagana 18. – 19. september 2007. Í skýrslunni tók FME m.a. til athugunar kaupréttarsamninga Landsbankans. Sagði FME að um væri að ræða 1.740 milljónir kr. að nafnverði eða 15,8% af heildarhlutafé bankans. Fjallaði FME því næst um þau eignarhaldsfélög sem héldu utan um hlutina sem lögju til grundvallar kaupréttarsamningunum. Tók FME fram að eini tilgangur félaganna væri að halda utan um þessa hluti í bankanum til að hann gæti efnt kaupréttarsamninga sína við starfsmenn bankans. Gerðir væru skuldbindandi samningar við þessi félög um að bankinn keypti umrædda hluti á fyrirfram ákveðnu verði og tíma. Komið hefði fram á fundi með starfsmönnum bankans að um óvirka eignarhluti í atkvæðarétti væri að ræða þó svo dæmi væru um að starfsmaður bankans hefði farið með atkvæðarétt samkvæmt umboði. FME tók að svo stöddu ekki afstöðu til framangreinds en kvaðst myndu á síðari stigum skoða frekar hvernig eignarhaldi bankans væri fyrir komið, m.a. með tilliti til laga um virka eignarhluti og hámarks eigin bréfa. Að lokum benti FME á að fyrirkomulag bankans vegna kaupréttarsamninga væri til þess fallið að draga úr gagnsæi á eignarhaldi hans.

E. Áhættuskuldbindingar Landsbankans vegna Björgólfs Thors

Þann 22. mars 2007 birti FME niðurstöður athugunar á áhættum og innra eftirliti Landsbanka Íslands hf. sem framkvæmd var á tímabilinu frá apríl 2005 til maí 2006. Í niðurstöðum sínum gerði FME m.a. athugasemdir við áhættustýringu útlána hjá Landsbankanum. Helstu efnisatriði athugasemdanna voru m.a. þau að skilgreiningu Landsbankans og meðferð á fjárhagslega tengdum aðilum skv. reglum nr. 531/2003 væri ábótavant.

Í viðhengi með bréfinu tók FME sérstaklega fyrir áhættuskuldbindingar Landsbankans vegna Björgólfs Thors Björgólfssonar og tengdra aðila. Kom fram að samkvæmt upplýsingum Landsbankans hefðu heildarskuldbindingar bankans gagnvart félögum, sem að mati bankans voru fjárhagslega tengd Björgólfi Thor, numið 33.381 milljónum króna eða 32,8% af lögbundnu eigin fé bankans (CAD EF). Eftir að FME hafði farið yfir lánveitingar til Björgólfs Thors og félaga tengd honum, m.a. Actavis hf., komst FME að þeirri niðurstöðu að áhættuskuldbinding

Landsbankans gagnvart Björgólfi Thor og tengdum aðilum hafi numið að minnsta kosti 51,3 milljörðum króna sem nam þá 49,7% af CAD eigin fé bankans.

Landsbankinn mótmælti þessari túlkun FME með bréfi dags. 30. apríl 2007 á þeim grundvelli að Björgólfur Thor og tengdir aðilar hafi ekki farið með yfirráð í Actavis og að ekki væri hætt á smiti á fjárhagslegum erfiðleikum milli þessara aðila vegna sterkrar fjárhagslegrar stöðu Björgólfs Thors og tengdra aðila að öðru leyti. Beiðandi hefur undir höndum glærुकyningu þar sem reifuð eru rök og sjónarmið Landsbankans fyrir því að tengja ekki áhættur vegna Björgólfs Thors og Actavis. Svo virðist sem þessi glærुकyning hafi verið lögð fyrir bankaráðsfund þann 17. apríl 2007 af Ársæli Hafsteinssyni aðallögfræðingi bankans. Í kynningunni kemur m.a. fram að Landsbankinn hafi boðist til að lýsa því yfir að bankinn myndi ekki beita atkvæðarétti sínum í Actavis ef það kæmi í veg fyrir að áhættur Björgólfs Thors og Actavis yrðu tengdar saman. Beiðandi telur að fyrirbyggjandi gögn gefi vísbendingu um að stjórnendur Landsbankans og Björgólfur Thor hafi í sameiningu lagt á ráðin um það með hvaða hætti mætti víkja sér undan eða komast framhjá reglum um stórar áhættuskuldbindingar vegna útlána Landsbankans til Björgólfs Thors og tengdra félaga.

II. Skilyrði fyrir beiðninni eru uppfyllt

Samkvæmt 2. másl. 77. gr. laga nr. 91/1991 er aðila heimilt að leita sönnunar fyrir dómi með vitnaleiðslu eða öflun skjals eða annars sýnilegs sönnunargagns um atvik sem varða lögvarða hagsmuni hans og geta ráðið niðurstöðu um hvort hann láti verða af málshöfðun vegna þeirra. Beiðandi telur að framangreind skilyrði séu uppfyllt varðandi beiðni þessa.

Enginn vafi leikur á því að beiðandi sem hluthafi í Landsbankanum beið tjón við fall bankans. Beiðandi telur að aðaleigendur Landsbankans, feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson, hafi í gegnum eignarhaldsfélagið Samson haft óeðlileg áhrif á starfsemi bankans og með skipulögðum og ólögætum hætti notað þau áhrif til þess að leynda yfirráðum þeirra yfir Landsbanka Íslands hf. og veita lán til Björgólfs Thors og félaga í hans eigu umfram heimildir.

Þau atvik sem beiðandi telur að rannsaka þurfi nánar til að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til að höfða bótamál eru samskipti milli stjórnar og stjórnenda varnaraðila við aðaleigendur bankans, ytri og innri endurskoðendur, sem og Fjármálaeftirlitið, og hvernig það hafi komið til að upplýsingum um raunverulegt eignarhald bankans hafi verið jafn óljóst og gögn gefa til kynna. Jafnframt hver eða hverjir beri mögulega ábyrgð á því að um langan tíma hafi verið veittar rangar og villandi upplýsingar um eignarhald bankans til viðskiptamanna og hluthafa bankans. Telur beiðandi að tilefni sé til að rannsaka hvort stjórn og stjórnendur bankans

hafi lagt á ráðin með aðaleigendum sínum um að veita rangar og villandi upplýsingar um eignarhaldið og að halda leyndum umfangsmiklum og óheimilum lánveitingum til Björgólfs Thors og tengdra félaga. Helstu atriði sem beiðandi telur að þurfi að rannsaka og leitast við að leiða í ljós með skýrslugjöf eru eftirfarandi:

1. Af hverju Samson eignarhaldsfélag ehf. hafi ekki verið skilgreint sem móðurfélag Landsbanka Íslands hf. og hver eða hverjir hafi haft áhrif á það. Fyrirliggjandi upplýsingar s.s. úr stefnu slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. frá 16. janúar 2012 í héraðsdómsmálinu nr. E-991/2012, benda til þess að gróflega hafi verið farið á svig við reglur hlutafélagalaga og laga um fjármálafyrirtæki, um skilgreiningu á móðurfélagi. Ef Samson eignarhaldsfélag ehf. hefði verið réttilega skilgreint sem móðurfélag Landsbanka Íslands hf. hefði það haft margvísleg áhrif, m.a. þau að ekki hefði verið undan því vikist að upplýsa um lánveitingar til eigenda Samsonar eignarhaldsfélags ehf. og að til yfirtökuskyldu gagnvart öðrum hluthöfum hefði stofnast.
2. Tengt lið 1 hér að ofan telur beiðandi að rannsaka þurfi sérstaklega hvort stjórnendur og stjórn Landsbanka Íslands hf. hafi tekið þátt í því að leyna raunverulegri eignarhlutdeild Samson eignarhaldsfélags ehf. í Landsbanka Íslands hf., í því skyni að aðstoða aðaleigendur bankans við að fara á svig við reglur um yfirtökuskyldu.
3. Hvort stjórn og stjórnendur bankans hafi vísitandi og með skipulögðum hætti farið á svig við reglur um svokallaða tengda aðila. Telur beiðandi að lagaskylda hafi hvílt á Landsbankanum að skilgreina Björgólf Thor Björgólfsson sem tengdan aðila, en þeirri skyldu hafi bankinn ekki fylgt og þannig farið á svig við reglur um stórar áhættuskuldbindingar og komið sér hjá því að upplýsa um umfangsmiklar lánveitingar til hans, lánveitingar sem voru langt umfram heimildir. Beiðandi telur vísbendingar um að kaup Hersis á hlut í Samson eignarhaldsfélag ehf. og félags í eigu starfsmanna Novator á hlut í Givenshire hafi verið sýndargerningar, gerðir í þeim tilgangi að halda formlegu eignarhaldi Björgólfs Thors í Landsbankanum fyrir neðan 20% mörkin sem kveðið er á um í IAS 24 staðli þannig að formleg skylda til að skilgreina Björgólf sem tengdan aðila í reikningsskilum bankans yrði ekki virk.
4. Hvort stjórn og stjórnendur bankans hafi vísitandi og með skipulögðum hætti farið á svig við reglur um skilgreiningu á stórum áhættuskuldbindingum. Beiðandi telur að sterkar vísbendingar séu fyrir hendi um það að stjórn og stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hafi, í samvinnu við Björgólf Thor Björgólfsson, tekið ákvörðun um að tengja hann ekki við öll félög sem hann réði yfir, s.s. Actavis hf.

Það hafi verið gert til þess að fara á svig við reglur um stórar áhættuskuldbindingar.

Beiðandi byggir á því að ef hið gríðarlega umfang lánveitinga til Björgólfs Thors, hefði legið fyrir opinberlega, í síðasta lagi um áramótin 2005/2006, hefði hann ekki fjárfest í bankanum. Sama á við ef fyrir hefði legið að Landsbanki Íslands hf. væri dótturfélag Samson eignarhaldsfélags ehf. Er í huga beiðanda ljóst að sú dreifing á áhættu sem regluverk um bankastarfsemi á að tryggja hafi ekki verið fyrir hendi hjá Landsbankanum og að hann hafi verið mun háðari Björgólfi Thor, og árangri hans í viðskiptum, en reikningar hans gáfu til kynna. Beiðandi telur óhugsandi að hann eða aðrir fjárfestar hefðu fjárfest í bankastofnun sem bryti gegn reglum um stórar áhættuskuldbindingar eins gróflega og Landsbankinn gerði vegna lána til Björgólfs Thors. Beiðandi telur að leynd á umfangsmiklum lánveitingum til Björgólfs Thors hafi verið orðinn nauðsynleg Landsbankanum til að viðhalda rekstrarhæfi hans og trúverðugleika. Af því leiddi að allir starfsmenn og stjórnendur bankans höfðu orðið beina hagsmuni af því að viðhalda hinu ólögmeta ástandi.

Beiðandi telur nauðsynlegt að leita sönnunar um þau atvik sem fyrr greinir svo hann geti metið hvort höfða eigi skaðabótamál á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni.

Að öllu framangreindu virtu telur beiðandi að áður nefnd skilyrði 2. málsl. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt hvað varðar beiðni þessa, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 22. mars 2011 í máli nr. 64/2011.

III. Aðilar sem óskað er að gefi skýrslu og afhendi gögn

Þess er hér með óskað, að eftirtaldir aðilar verði kvaddir til skýrslugjafar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur:

1. Björgólfur Thor Björgólfsson, kt. 190367-3479, Bretlandi.
2. Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður bankaráðs, kt. 020141-7199, Vesturbrún 22, 104 Reykjavík.
3. Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs Landsbankans, kt. 041051-7019, Starhaga 4, 107 Reykjavík.
4. Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, kt. 130155-4529, Kanada.
5. Birgir Már Ragnarsson, fyrrum framkvæmdastjóri Samson, þáverandi stjórnarmaður í Novator og einn af eigendum Hersis, kt. 020574-5699, Bretlandi.
6. Þór Kristjánsson, fyrrverandi stjórnarmaður í Hersi og Landsbankanum, kt. 130764-3559, Bandaríkjunum.
7. Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi, kt. 140467-5379, Seiðakvísl 34, 110 Reykjavík.
8. Andri Sveinsson, varamaður í stjórn og einn eigenda Hersis, kt. 210971-3439, Bretlandi.

9. Tómas Ottó Hansson, einn eigenda Hersis og þáverandi stjórnarmaður í Novator, kt. 270365-3459, Sandakri 6, 210 Garðabær.
10. Sigbór Sigmarsson, þáverandi og núverandi stjórnarmaður í Novator, kt. 150771-5879, Norðurbrún 12, 104 Reykjavík
11. Vífill Harðarson, hdl., fyrrverandi starfsmaður Novators, kt. 310575-3569, Ásvallagötu 44, 101 Reykjavík.
12. Ársæll Hafsteinsson, þáverandi aðallögfræðingur Landsbankans, kt. 140158-4379, Forsæti, 861 Hvolsvelli.
13. Þórður Örlygsson, þáverandi regluvörður Landsbankans, kt. 021072-4519, Giljalandi 1, 108 Reykjavík.
14. Kristján Gunnar Valdimarsson, fyrrverandi forstöðumaður skattasviðs Landsbankans, kt. 011064-2489, Aragötu 13, 101 Reykjavík.
15. Haukur Þór Haraldsson, þáverandi framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Landsbankans, kt. 110860-5369, Klyfjaseli 9, 109 Reykjavík.
16. Sigurjón Þorvaldur Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, kt. 240766-3109, Granaskjólí 28, 107 Reykjavík.
17. Sigurjón Guðbjörn Geirsson, fyrrum innri endurskoðandi Landsbankans, kt. 160664-3129, Noregi.


Áskilinn er réttur til að taka skýrslur af fleiri aðilum í sama tilgangi ef tilefni reynist til.

Þá er þess hér með óskað, með vísan til 2. mgr. 77. gr. og annarra ákvæða XII. kafla laga nr. 91/1991, að Birgi Má og Björgólfi Thor verði gert að leggja fram eftirfarandi gögn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur:

1. Afrit af tölvupósti frá lögmanni Samson til Fjármálaeftirlitsins snemma árs 2007 þar sem FME er tilkynnt um breytingar á eignarhaldi Samson;

Áskilinn er réttur til að fara fram á framlagningu fleiri gagna í sama tilgangi ef tilefni reynist til.

Virðingarfyllst,
Landslög – lögfræðistofa


Jóhannes Bjarni Björnsson, hrl.